

Þjóðhagsráð

Fundargerð 1. fundar Þjóðhagsráðs

Haldinn 8. júní 2016 kl. 9:00 – 11:00 í Safnahúsinu við Hverfisgötu

Fundarmenn:

Aðilar að Þjóðhagsráði:

1. Forsætisráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson)
2. Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson)
3. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga (Halldór Halldórsson)
4. Seðlabankastjóri (Már Guðmundsson)
5. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (Þorsteinn Víglundsson)

Aðrir fundarmenn:

1. Benedikt Árnason, forsætisráðuneyti
2. Guðmundur Árnason, fjármála- og efnahagsráðuneyti
3. Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir, fjármála- og efnahagsráðuneyti
4. Karl Björnsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
5. Rannveig Sigurðardóttir, Seðlabanka Íslands
6. Þórarinn G. Pétursson, Seðlabanka Íslands
7. Hannes G. Sigurðsson, Samtökum atvinnulífsins.

Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Dagskrá 1. fundar
2. Samkomulag um hlutverk og umgjörð Þjóðhagsráðs
3. Glærur seðlabankastjóra um áskoranir peningastefnunnar

Forsætisráðherra opnaði fundinn, lagði til að Benedikt Árnason yrði fundarritari og var það samþykkt. Forsætisráðherra gerði síðan grein fyrir aðdraganda að stofnun Þjóðhagsráðs. Aðilar vinnumarkaðarins ræddu fyrst við ríkisstjórn um Þjóðhagsráð í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2015. Áður hafði komið fram í tillögum verkefnisstjórnar Samráðsvettvangs um aukna hagsæld að bæta þyrfti samspil ríkisfjármála, peningastefnu og vinnumarkaðar ef takast ætti að skapa hagfelld skilyrði til hagvaxtar. Til að liðka fyrir gerð kjarasamninga samþykkti ríkisstjórnin fyrir sitt leyti að undirbúningur hæfist að stofnun Þjóðhagsráðs í yfirlýsingu sinni frá 28. maí 2015.

Aðilar vinnumarkaðarins gerðu með sér rammasamkomulag um breytt vinnubrögð við gerð kjarasamninga hinn 27. október 2015. Í fyrsta lið samkomulagsins segir að Þjóðhagsráð verði stofnað og verði hlutverk þess að greina stöðuna í efnahagsmálum og ræða samhengi ríkisfjármála, peningastefnu og vinnumarkaðar í tengslum við helstu viðfangsefni hagstjórnar hverju sinni. Forsætisráðherra skipaði undirbúningshóp að stofnun Þjóðhagsráðs í febrúar 2016 til að fylgja rammasamkomulaginu eftir.

Stofnun ráðsins hefur tafist vegna ágreinings milli ríkisstjórnar annars vegar og ASÍ og BSRB hins vegar um hvernig bæta mætti samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um að tryggja félagslegan stöðugleika. Forsætisráðherra lagði áherslu á það í inngangsorðum sínum á fundinum að mikilvægt væri að heildarsamtök launafólks á vinnumarkaði tækju þátt í Þjóðhagsráði, ekki eingöngu ASÍ og BSRB heldur einnig BHM og KÍ, en þau samtök standa

utan rammisamkomulagsins eins og stendur. Undir þetta tóku aðrir aðilar ráðsins. Forsætisráðherra taldi þó mikilvægt að hefja strax vinnu Þjóðhagsráðs þar sem mörg krefjandi úrlausnarefni væru framundan. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga lagði til að stofnaður yrði sérstakur vettvangur ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka launafólks á vinnumarkaði til að ræða félagslegan stöðugleika. Hann vakti jafnframt athygli á því að engin kona væri í forsvari fyrir stofnaðila Þjóðhagsráðs en benti á að breyting yrði á því miðað við núverandi forystu þegar heildarsamtök launafólks gerðust aðilar að Þjóðhagsráði.

Því næst var skrifað undir samkomulag um hlutverk og umgjörð Þjóðhagsráðs og lýstu aðilar yfir ánægju sinni með stofnun ráðsins.

Helstu efni sem rædd voru:

Vinnumarkaður

Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins fjallaði um vinnu við nýtt vinnumarkaðslíkan að norrænni fyrirmynd, kennt við SALEK (Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga). Útgangspunkturinn í þeirri vinnu er að samkeppnisstaða útflutningsatvinnugreina móti launasvigrúm kjarasamninga. Sagði hann vinnuna vera í fullum gangi og taldi hana lofa góðu. Þrátt fyrir að vel miði væru ýmis ljón í veginum, svo sem jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins en það væri mikilvægur hluti SALEK vinnunnar og rammisamkomulags vinnumarkaðarins frá því í október 2015. Markmiðið væri að dýpka skilning á mikilvægi nýs líkans og þetta þannig raðirnar meðal aðila vinnumarkaðarins.

Fjármála- og efnahagsráðherra sagði að í hinu óstöðuga íslenska vinnumarkaðslíkani væri innbyggt viðvarandi kapphlaup um það hvor færði almenningi betri lífskjör, vinnumarkaðurinn í gegnum kjarasamninga eða stjórnvöld í gegnum lagabreytingar. Vinnumarkaðurinn hefði einnig áhrif á lagasetningu og fjárveitingar með kröfum í tengslum við gerð kjarasamninga. Sagði hann að það væri hlutverk stjórnámálanna en ekki vinnumarkaðarins að takast á við forgangsröðun í velferðarþjónustu en jafnframt að stjórnámálameñ yrðu að standast þá freistingu að fjalla um kjaramál á almennum vinnumarkaði. Taldi hann að íslenska líkanið hefði leitt til kauphækkana langt umfram framleiðnivöxt og kæmi þannig í veg fyrir vaxtalækkun.

Aðilar Þjóðhagsráðs voru sammála um mikilvægi SALEK samkomulagsins og að vel tækist til með þær breytingar sem fyrirhugaðar væru á vinnumarkaðslíkaninu. Bent var á að þrátt fyrir miklar launahækkningar á undanförunum misserum þá hefði margt leitt til þess að verðbólga hafi verið við eða undir verðbólgu markmiði í yfir tvö ár, m.a. lækkun olíuverðs, lítil alþjóðleg verðbólga, hækkun afurðaverðs og aðhaldssamari peningastefna. Þó margt hafi gengið vel væri hins vegar óvarlegt að gera ráð fyrir að sú hagstæða þróun sem hefði hjálpað til við að halda aftur af aukinni verðbólgu muni halda áfram að gera það í framtíðinni.

Fjármál hins opinbera

Fjármála- og efnahagsráðherra og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga fjölluðu um stöðu opinberra fjármála. Fjármála- og efnahagsráðherra sagði að birt hafi yfir opinberum fjármálum á undanförunum misserum og viðmið um 30% skuldahlutfall í lögum um opinber fjármál sé innan seilingar. Fjármálaáætlun til næstu fimm ára lýsi áformum um aukin frumútgjöld ríkis og sveitarfélaga á föstu verði samhliða minni vaxtakostnaði og betri afkomu. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga sagði stöðu sveitarfélaga hafa verið erfiða, sérstaklega vegna kostnaðarsamra kjarasamninga, en fari nú batnandi. Auknar tekjur vegna

hagsveiflunnar væru farnar að skila sér en mikilvægt væri að huga að tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Samstarf ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál og kjaramál hefur verið stóraukið enda mikilvægt að þessir aðilar tvinni saman starfsemi sína og tengi við hagsveifluna.

Í umræðu um opinber fjármál kom fram að kröfur um verulega útgjaldaaukningu, langt umfram áætlanir stjórnvalda í fimm ára fjármálaáætlun, gerðu stjórnvöldum erfitt um vik. Viðmiðin væru of hátt stillt. Náist ekki að dempa væntingar um stóraukin útgjöld fari af stað verðbólguhringrás sem væri vel þekkt úr íslenskri hagsögu. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins taldi nú vera gott lag til að taka til í rekstri ríkisins þar sem útgjöld þess væru mikil í alþjóðlegum samanburði og atvinnuástand gott. Ríkisfjármálin mögnuðu þenslu í efnahagslífinu við núverandi kringumstæður og það væri mjög óheppilegt. Forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra bentu á jákvæðan frumjöfnuð ríkisins í samanburði við aðrar þjóðir. Fram kom í máli seðlabankastjóra að hins vegar hefði slaknað nokkuð á aðhaldi í opinberum fjármálum miðað við hagsveifluleiðréttan frumjöfnuð.

Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga vakti athygli á að fjárfestingarstig ríkis og sveitarfélaga hefði verið lágt um langt árabil sem sé óæskilegt og uppsöfnuð þörf fyrir fjárfestingar í samfélagslegum innviðum því mikil. Í umræðunni kom fram að svigrúm hins opinbera til aukinna fjárfestinga sé hins vegar takmarkað þrátt fyrir góðar efnahagshorfur. Aukið svigrúm hefði fyrst og fremst verið notað til að hækka laun og bætur almannatrygginga og því væri svigrúm til annarra rekstrarútgjalda og fjárfestinga takmarkað. Bent var á að almennt virtist vera lítil skilningur á því að ekki sé hægt samtímis að hækka laun um tugi prósentu og stórauka fjárfestingar.

Peningastefnan

Seðlabankastjóri fjallaði um árangur peningastefnunnar undanfarin misseri og helstu áskoranir sem hún stæði frammi fyrir. Benti hann á að sjá mætti árangur peningastefnunnar í lækkun verðbólguvæntinga og traustari kjölfestu þeirra en áður sem hefði átt þátt í að verðbólga hefði aukist minna en vænta mátti í kjölfar mikilla launahækkana. Þjóðhagslegur sparnaður væri einnig meiri en áður miðað við núverandi stað hagsveiflunnar sem hjálpaði til við að skila afgangi í viðskiptum við útlönd. Áskoranir fyrir peningastefnuna væru hins vegar miklar. Losun fjármagnshaftra væri ein þeirra. Vextir væru einnig mun hærri hér en víðast hvar annars staðar þar sem við værum á öðrum stað í hagsveiflunni. Aukinn slaki í ríkisfjármálum ylli því einnig að vextir væru hærri hér en ella. Lagði seðlabankastjóri fram frávíksdæmi sem birtist í máíhefti *Peningamála* sem benti til að aukinn slaki í ríkisfjármálum í fyrra og í ár gerði það að verkum að vextir bankans eru um ½ prósentu hærri en þeir væru ef ríkisfjármálastefnan hefði verið hlutlaus. Sagði hann vaxtamuninn milli Íslands og annarra landa skapa hættu á fjármagnsinnstreymi á grundvelli svokallaðra vaxtamunarviðskipta, en slíkt innstreymi hefði truflað miðlun peningastefnunnar í gegnum vexti á seinni helmingi síðasta árs. Með nýju fjárstreymistæki ætti hins vegar að vera hægt að hafa áhrif á samsetningu fjármagnsflæðis til og frá landinu og þannig væri betur hægt að beita vöxtunum til að dempa eftirspurn ef á þyrfti að halda.

Í umræðu um þennan lið var rætt um það við hvaða aðstæður vextir hér á landi gætu lækkað. Einnig var nefnt að bit vaxtataækisins væri minna en af væri látið vegna verðtryggingar. Seðlabankastjóri sagði að vextir gætu lækkað hér á landi ef verðbólguvæntingar væru í takti við verðbólguþröskulmörk eins og í flestum iðnríkjum og ef vinnumarkaður og ríkisfjármál styddu við peningastefnuna. Það breytti því þó ekki að hér væru töluvert aðrar aðstæður en annars staðar; hagvöxtur væri kröftugur, spennan hefði myndast í þjóðarbúskapnum og full atvinna hefði náðst. Taldi hann nauðsynlegt að sýna þolinmæði, margt gengi mjög vel og

mikilvægar breytingar væru að koma til framkvæmda. Engum væri greiði gerður með því að lækka vexti án þess að innstæða væri fyrir því. Rætt var um það hvort hægt væri að nýta önnur tæki peningastefnunnar eins og t.d. bindiskyldu. Bent var á að vissulega væri hægt að beita öðrum tækjum en vaxtataekinu, en með því að nota bindiskylduna væri í raun verið að hækka banka- og markaðsvexti með öðrum hætti, þ.e. með því að hafa áhrif á peningamargfaldara og vaxtamun. Vandinn væri hins vegar sá að ekki liggur jafnmikið fyrir um virkni þessa tækis og varðandi vextina og það nær aðeins til hluta lánamarkaðarins. Ekki væri þar með sagt að þetta tæki ætti ekki að nota ásamt öðrum og hefði það reyndar verið gert síðastliðin vetur.

Nokkur umræða var einnig um framleiðnivöxt sem hefur verið lítill hér á landi undanfarin ár. Rætt var um það hvort mælingum á framleiðni væri áfátt, sérstaklega í ljósi þess að fyrirtæki hefðu verið að hagræða til að mæta auknum launakostnaði. Einnig var nefnt að skýringin á litlum framleiðnivexti undanfarin ár gæti verið mikill vöxtur ferðaþjónustu sem væri vinnuafslafrek atvinnugrein. Framleiðnistig ferðaþjónustunnar væri talið lægra en greina á borð við iðnað og sjávarútveg. Nefnt var að þrátt fyrir teikn um aukna framleiðni á öllum sviðum kynni hraðari vöxtur ferðaþjónustunnar samanborið við aðrar greinar að draga úr heildarframleiðni. Undirliggjandi framleiðnivöxtur væri því ef til vill vanmetinn. Aðilar voru sammála um að ef hægt væri að auka framleiðni hér á landi yrðu öll viðfangsefni hagstjórnar auðveldari. Það myndi t.d. auðvelda fyrirtækjum að bregðast við launahækkunum. Vísað var í frávíksdæmi í *Peningamálum* 2015/4 en þar má sjá hvernig hraðari framleiðnivöxtur stuðlar að öðru óbreyttu að því að hagvöxtur yrði meiri og verðbólga minni. Vextir gætu því verið lægri, raunlaun hærri og afgangur á opinberum fjármálum meiri. Fundarmenn voru sammála um að áhugavert væri að skoða betur hvernig stuðla megi að meiri framleiðnivexti.

Meiri formfesta breytir ekki sjálfkrafa hugarfari

Aðilar ráðsins voru sammála um að Þjóðhagsráðið sé eitt skref af mörgum sem stigin hafa verið á undanförunum árum til að auka aga og festu við hagstjórn. Í því sambandi voru einnig nefnd lög um opinber fjármál, aukið samstarf ríkis og sveitarfélaga, fjármálastöðugleikaráð og SALEK samkomulagið á vinnumarkaði. Aukið samráð og formfesta í samtali helstu aðila sem koma að ákvörðunum sem gegna lykilhlutverki við þróun hagkerfisins væri nauðsynleg en þó ekki nægjanleg. Aðilar voru sammála um að það yrði sameiginlegt viðfangsefni aðila Þjóðhagsráðs að stuðla að því að hagkerfið ofhitni ekki.

Sviðsmyndir fyrir næsta fund

Í umræðu meðal aðila Þjóðhagsráðs kom fram áhugi á að vinna sviðsmyndir fyrir næsta fund ráðsins sem sýndu efnahagsáhrif launahækkana og aukinna opinberra útgjalda á vexti.

Fundi slitið kl. 11:00

Þjóðhagsráð

Dagskrá 1. fundar Þjóðhagsráðs

Miðvikudagur 8. júní 2016 kl. 9:00-11:00

Safnahúsið við Hverfisgötu, 3. hæð

- 9:00 – 9:10 Inngangsorð forsætisráðherra
Undirskrift samkomulags um hlutverk og umgjörð Þjóðhagsráðs
- 9:10 - 9:25 Staða opinberra fjármála með hliðsjón af efnahagsaðstæðum
Fjármála- og efnahagsráðherra
Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga
- 9:25 - 9:35 Áskoranir í peningastefnu
Seðlabankastjóri
- 9:35 - 9:45 Staða á vinnumarkaði og áframhald SALEK samstarfsins
Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins
- 9:45-10:45 Umræður
- 10:45-11:00 Starf Þjóðhagsráðs
Umræðuefni á fundum og undirbúningur þeirra
Fundargerðir
Næsti fundur

Samkomulag um hlutverk og umgjörð Þjóðhagsráðs

Í yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands frá 29. maí 2015, sem gefin var út til að greiða fyrir gerð kjarasamninga, kom fram vilji ríkisstjórnarinnar til að stofna Þjóðhagsráð með aðilum vinnumarkaðar og Seðlabanka Íslands. Ráðið hefði það hlutverk að fjalla um samhengi opinberra fjármála, peningastefnu og kjaramála í tengslum við helstu viðfangsefni hagstjórnar. Í rammasamkomulagi aðila á vinnumarkaði frá 27. október 2015 (hér eftir nefnt rammasamkomulagið) er jafnframt kveðið á um stofnun Þjóðhagsráðs.

Með hliðsjón af framansögðu lýsa ríkisstjórn Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins og Seðlabanki Íslands hér með yfir stofnun Þjóðhagsráðs.

Um Þjóðhagsráð gilda eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Markmið Þjóðhagsráðs er að styrkja samhæfingu hagstjórnar og ákvarðana á vinnumarkaði. Þjóðhagsráð skal fjalla um stöðu í efnahagsmálum og ræða samhengi opinberra fjármála, peningastefnu og kjaramála í tengslum við helstu viðfangsefni hagstjórnar hverju sinni. Ráðið skal beina umfjöllun sinni sérstaklega að þáttum þar sem samhæfingu er helst ábótavant.

2. gr.

Þjóðhagsráð tekur ekki ákvarðanir í efnahags- eða kjaramálum og stofnun þess breytir ekki lögbundnum hlutverkum þeirra aðila sem að ráðinu standa.

3. gr.

Aðilar að Þjóðhagsráði eru forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Seðlabanka Íslands. Heildarsamtök launafólks sem aðild eiga að rammasamkomulaginu hverju sinni geta gerst aðilar að Þjóðhagsráði. Fjölga skal í Þjóðhagsráði til að tryggja aðkomu allra stjórnsmálaflokka sem sitja í ríkisstjórn.

4. gr.

Forsætisráðherra stýrir fundum Þjóðhagsráðs. Hann boðar jafnframt fundi ráðsins í samráði við aðila þess. Halda skal fundi í ráðinu að lágmarki tvisvar á ári og skulu þeir boðaðir með minnst tveggja vikna fyrirvara. Hver aðili að Þjóðhagsráði getur að hámarki tekið tvo starfsmenn sína með á fundi ráðsins.

5. gr.

Fundargerð funda Þjóðhagsráðs er opinbert skjal. Hún skal birtast á heimasíðum aðila ráðsins á íslensku og ensku svo fljótt sem unnt er eftir hvern fund. Forsætisráðuneytið skal senda aðilum ráðsins fundargerð til samþykktar. Í fundargerð skal greina frá dagskrá, áherslum í umræðu um hvern dagskrárlið og því sem fram kom um samhæfingu stefnu í opinberum fjármálum, peninga- og kjaramálum.

6. gr.

Undirbúningshópur, skipaður einum fulltrúa samkvæmt tilnefningu frá hverjum aðila Þjóðhagsráðs, undirbýr fundi ráðsins. Hópurinn skal í upphafi hvers árs leggja fram áætlun um starfsemi ráðsins á árinu og leggja fyrir aðila þess. Í áætluninni skal koma fram fjöldi funda, tímasetning þeirra, dagskrá, undirbúningur funda og kostnaður.

7. gr.

Starfsemi Þjóðhagsráðs skal tekin til endurskoðunar fyrir árslok 2018. Jafnframt er heimilt að endurmeta starfsemi ráðsins ef rammisamkomulagi aðila á vinnumarkaði er slitið.

Reykjavík, 8. júní 2016




Forsætisráðherra



Samband íslenskra sveitarfélaga



Seðlabanki Íslands



Fjármála- og efnahagsráðherra



Samtök atvinnulífsins



Seðlabanki Íslands

Áskoranir peningastefnunnar


Fundur þjóðhagsráðs

8. júní 2016


Verðbólga undir markmiði í ríflega tvö ár og verðbólguvæntingar hafa lækkað á undanförunum árum



Innlend og innflutt verðbólga¹
Janúar 2011 - maí 2016



Langtímavæntingar²
1. ársfj. 2012 - 2. ársfj. 2016




1. Innflutt verðbólga er nálgðu með verði innfluttrar mat- og drykkjarvöru, nýrra bíla og varahluta, bensins og annarrar innfluttrar vöru. Innlent verðbólga er nálgðu með verði innlendrar vöru og almennrar og opinberrar þjónustu. Tölur í svigum sýna núverandi vægi viðkomandi liða í vísitölu neysluverðs. 2. Talan fyrir verðbólguálag á öðrum ársfjórðungi 2016 er meðaltal það sem af er fjórðungnum.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.



Fjármagnsinnstreymi á ríkisskuldabréfamarkað hefur truflað miðlunarferli peningastefnunnar


Tilkynntar nýjfjárfestingar í ríkisskuldabréfum
Janúar 2015 - maí 2016



Heimild: Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands.

Meginvextir Seðlabanka Íslands og ávöxtunarkrafa
överðtryggðra ríkisbréfa

Daglegar tölur 21. maí 2014 - 6. júní 2016




1. Ríkisbréf á gjalddaga 2017 notað frá 14. apríl 2016.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Gengi og gjaldeyriskaup




Gjaldeyriskaup Seðlabankans á millibankamarkaði
Janúar 2015 - maí 2016



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans
Janúar 2012 - apríl 2016




Heimild: Seðlabanki Íslands.



Aðhaldssamari ríkisfjármálastefna myndi hjálpa

- Aðhaldssamari ríkisfjármál: hlutlaus stefna 2015-16 í stað aukins slaka bæði ár: aukinn slaki hefur bætt um ½ pr við hagvöxt hvort árið, aukið á verðbólguþrýsting og dregið úr viðskiptaafgangi ... og vextir 0,5pr hærri í ár og 0,75pr hærri á næsta ári
- Hlutfall einkaneyslu af VLF hækkar hraðar: hagvöxtur er um ½pr meiri í ár og 1pr meiri á næsta ári: viðskiptaafgangur hverfur hraðar og verðbólguþrýstingur verður meiri ... vextir eru orðnir um 0,75pr hærri á næsta ári og tæplega 1,5pr hærri 2018

Frávíksdæmi




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Af hverju eru vextir hærri hér á landi?




- Þrátt fyrir að mæld verðbólga sé áþekkt hér og í öðrum iðnríkjum eru vextir nokkrum hærri ... af hverju?
- Verðbólguvæntingar hafa þrífaldlega verið yfir markmiði hér en í eða undir markmiði í öðrum iðnríkjum
- Hér er kominn nokkur framleiðsluspenna á meðan enn er slaki í öðrum iðnríkjum (og munurinn eykst enn frekar í ár)
- Vöxtur nafnveitispurnar og launakostnaðar er jafnframt mun meiri hér en í öðrum iðnríkjum

Verðbólguvæntingar og framleiðsluspenna í nokkrum iðnríkjum



Nafnvöxtur landsframleiðslu og launakostnaðar í nokkrum iðnríkjum



1. Verðbólguvæntingar markaðsaðila til 4-5 ára (spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um verðbólgu eftir 4 ár fyrir Bretland og Kanada, út frá verðbólguáætlunum fyrir Japan og Ástralíu til 5 ára eftir 5 ár). 2. Mat Seðlabankans fyrir Íslands en Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir önnur lönd. 3. Talan fyrir Ísland byggist á áætlun Peningarmála 2016/2.
Heimildir: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Bloomberg, Hagstofa Íslands, heimasíður seðlabanka, OECD, Seðlabanki Íslands.